

**Ed.**

**849. Breytingartillögur**

[198. mál]

við frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Birni Jónssyni og Kristjáni Thorlacius.

1. Við 1. gr. 2. málsg. orðist svo:

Ráðherra skipar húsnæðismálastjórn. Í stjórninni skulu eiga sæti fimm menn, og skulu tveir skipaðir samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, tveir eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Félagssambands íslenskra iðnrekenda og Landssambands íslenskra útvegsmanna og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt.

2. Við 15. gr. 2. málsg. orðist svo:

Ráðherra skipar þá stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórninni eiga sæti þrjú menn, sem skipa skal þannig: Einn eftir tilnefningu sveitarstjórnar, einn samkv. tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu.